



Höfðaberg

Skólanámskrá fimm ára deilda

2015 – 2016



Dagskipulag

Dagskipulag er rammi utan um dag leikskólans. Það inniheldur allt það starf sem fram fer í leikskólanum og veitir upplýsingar þeim sem vilja.

Dagskipulag er yfirlit yfir það starf sem á sér stað með barninu og er sýnilegt foreldrum, aðgengilegt starfsfólki og veitir aðhald í starfi. Sýnilegt dagskipulag styrkir starfið og gefur festu í daginn, eykur nýtingu tímans og leiðir af sér gott starf.

Markmiðið er að:

- ramma inn daginn og halda utan um ákveðna þætti dagsins
- gefa deginum ákveðna festu og aðhald
- gera daginn sýnilegri og upplýsandi
- auka nýtingu og gæði tímans
- að barnið læri á tímann og hvað honum líður

Morgunmatur / ávaxtahressing / hádegismatur / síðdegiskaffi

Næringartími barnsins yfir daginn er hluti af leikskóladvöl þess. Börnin nærast í upphafi dags, um miðjan dag og í síðdeginu. Þá er í boði ávaxtastund um miðjan morgun. Rétt næring hefur forvarnargildi seinna á lífsleiðinni þar sem barnið elst upp við gott og næringarríkt fæði.

Markmiðið er að :

- barnið nærast rétt
- samsetning næringar sé rétt og miðist við þörf barnsins
- veita orku og kraft með næringu
- veita aukið úthald og efla einbeitingu með góðri næringu

Samverustundir / sögustundir / söngstundir

Samverustundir eru nokkrar yfir daginn. Samverustundirnar er sá tími sem skapast milli verkefna, þátta í deginum.

Tilgangur með samveru, söngstundum eða sögustundum er að hafa fastan lið eftir hverjum þætti starfsins þar sem börnin koma saman, slaka á og skapa stundir þar sem börnin setjast niður, hlusta, lesa eða syngja saman. Þessi stund veitir börnunum tækifæri til ýmis konar tjáningar, frásagnar, lesturs og hlustunar á aðra, söngs með og án hreyfinga. Samveran er róleg stund þar sem börnin sýna hvert öðru tillitsemi, kurteisi og virðingu. Þau verða þátttakendur í lífi annarra barna sem segja frá upplifun sinni, tilfinningum og reynslu.

Markmiðið er að :

- veita barninu rólega stund til samveru með öðrum börnum
- efla lestur og hlustun í góðum hópi
- syngja saman og læra nýja söngva
- efla tjáningu og framsögu barnsins
- veita barninu rólega stund milli annarra þátta í deginum

- auka einbeitingu og úthald í hlustun og frásögn
- styrkja sjálfsmynd og sjálföryggi

Val

Tilgangur með vali er að koma til móts við áhugasvið hvers og eins, ásamt því stuðla að því að víkka sjóndeildarhring barnsins. Barninu er kennt að ekki er alltaf hægt að komast að og biðlund styrkt. Í vali er barnahópurinn breytilegur og eflist barnið í læsi á samskipti þar sem misjafnt er með hverjum það velst í verkefni.

Markmiðið er að :

- auka úrval efniviðar sem börnin vinna með
- efla samskipti barnsins við önnur börn
- styrkja barnið í samskiptum
- efla biðlund og styrkja leik
- auka fjölbreytni í skólastarfinu

Frjáls leikur

Frjáls leikur er sú stund sem barnið fær yfir daginn til að sinna sínum hugðarefnum og áhugamálum. Það velur sér verkefni / leik á sínum forsendum og vinnur að því eitt eða í samvinnu við önnur börn.

Frjáls leikur er nauðsynlegur til að barnið fái stund til þeirra verkefna sem hugurinn stendur til hverju sinni. Barnið lærir á efnivið, umhverfi og samskipti í frjálsum leik og eykur þannig færni sína í samskiptum, að leysa úr ágreiningi samhliða því að njóta sín og virkja eigið hugmyndaflug. Þá öðlast barnið skilning á hluttekningu, líðan annarra og tillitsemi sem og virðingu í garð annarra.

Markmiðið er að :

- skapa tíma fyrir sjálfsprottinn leik barnsins
- efla hugmyndaauðgi barnsins
- auka færni barnsins í leik og samskiptum
- styrkja vináttu

Útivera

Tilgangur með útiveru er að skapa aðstæður fyrir frjálsa sem skipulagða hreyfingu. Útivist og hreyfing eru í senn afþreying og útrás fyrir óhefta orku og hreyfipörf. Útivera við góðar aðstæður sem reynir á getu og færni, eykur þol og krafta barna sem og líkamsbeitingu s.s. jafnvægi, klifur og þor. Að auki stuðlar hreyfing að betri líkamsvitund.

Markmiðið er að :

- skapa aðstæður fyrir frjálsa og skipulagða hreyfingu
- efla færni barnsins í frjálsum og skipulögðum hreyfingum utan dyra
- þjálfa fín og grófhreyfingar
- þjálfa samhæfingu augna og handa

- þjálfá einbeitingu og úthald
- auka barninu þor og áræðni í hreyfingu

Samspil

Samspil milli leik- og grunnskóla er liður í að brúa bil milli skólastiga. Þar blandast nemendur af hvoru skólastigi, 5 ára og 1. bekkur, saman í námstengdum viðfangsefnum undirbúnu af leik- og grunnskólakennurum.

Unnið er að verkefnum sem krefjast samvinnu, samskipta, einbeitingu og úthalds í vinnu og samveru. Verkefni eru hlutbundin og unnin í gegnum leik eða sköpun. Tilgangurinn með samspili er að undirbúa leikskólabörn fyrir komandi grunnskólagöngu, kynnast börnum í grunnskólanum og húsnaði skólans.

Markmiðið er að :

- nýta síðasta veturinn í leikskóla til að kynna barninu grunnskólaumhverfið
- efla og styrkja sjálfstæði barnsins í samskiptum við grunnskólabörn
- auka færni og öryggi barnsins í nýjum aðstæðum
- auka barninu vellíðan með þann áfanga að byrja í grunnskóla
- efla samskipti milli árganga og auka möguleika á félagavali
- stuðlar að einstaklingsmiðaðri nálgun í kennslu

Hópastarf

Í hópastarfi er unnið að ákveðnu viðfangsefni/þema á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma. Börnin læra að nota skilningarvitin og fjölbreyttar vinnuaðferðir við að nálgast viðfangsefnið. Tilgangur með hópastarfinu er að börnin vinna saman að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreyttan hátt í lengri eða skemmri tíma. Þannig lærir það að treysta öðrum, sem er grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Hópastarfinu er skipt upp í þemu yfir árið en þau miðast við haust, vetur, vor og sumar.

Markmiðið er að :

- skapa stund þar sem unnið er með ákveðið þema
- auka markvisst fræðslu og fjölbreytni í efnistöfum
- styrkja barnið í fjölbreyttum vinnuaðferðum
- kynna fyrir barninu fjölbreyttar aðferðir til að nálgast viðfangsefni
- styrkja traust og samvinnu í samskiptum
- styrkja og efla barnið sem einstakling í hópastarfi

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru farnar í tengslum við skipulagt starf, þemavinnu. Þar er upplifun barnsins aðalatriðið sem og fræðslan. Barnið lærir á nærumhverfið á áhrifaríkan hátt með snertingu, þátttöku sinni og tengingu efnisins við upplifunina.

Tilgangurinn er að vita hvað umhverfið bíður upp á, læra að bera virðingu fyrir því og ganga vel um náttúruna. Þá eru vettvangsferðir einnig farnar í þeim tilgangi að njóta, víkka sjóndeildarhringinn, auka fjölbreytni og veita útrás fyrir frjálsa hreyfingu. Vettvangsferðir

kenna börnum á það umhverfi sem þau búa í/við þannig að þau geti nýtt sér það í leik og starfi.

Markmiðið er að :

- auka við upplifun barnsins
- upplifa snertingu við umfangsefnið
- auka fjölbreytileikann í vinnslu
- auka þekkingu barnsins á efninu
- víkka sjóndeildahring barnsins
- efla tjáningu barnsins í umfjöllun og vinnslu
- styrkja tilfinningar barnsins gagnvart efniviðnum

Félagsfærni

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barnsins. Í því felst m.a. að rækta alhliða þroska barnsins s.s. líkams- og hreyfingþroska, tilfinningaþroska, vitsmunþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Í leikskóla ber að hlúa að öllum þessum þroskaþáttum, efla þá og örva samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta og stuðlar að traustum og hlýjum samskiptum.

Samskipti

Góð samskipti eru grundvöllur allra samskipta. Þau eru mikilvæg svo barnið geti deilt með öðrum tilfinningum sínum og líðan. Góð samskipti eru þroskandi og gefandi, þau efla og styrkja sjálfsmyndina. Barnið lærir að tjá sig á jákvæðan hátt og gefa af sér.

Markmiðið er að :

- barnið eflist og styrkist í samskiptum sínum
- barnið öðlist góða tilfinningu fyrir færni sinni
- barnið læri að tjá sig og líðan sína
- barnið þroskist með sér styrka sjálfsmynd
- búa barninu aðstæður þar sem það þroskar með sér virkni og áhuga
- barnið öðlist færni til að lesa í aðstæður og nýta sér til góðs í samskiptum
- barnið lesi í samskipti sín við önnur börn og vinni úr þeim
- þjálfar barnið í að takast á við krefjandi aðstæður í samskiptum
- barnið fá tilfinningu fyrir góðum samskiptum og tileinki sér
- barnið læri að meta góð og uppbyggileg samskipti
- barnið læri að hugsa lausnamiðað í samskiptum sínum

Virðing

Barnið þarf að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Barnið lærir að taka tillit til annarra og nýta sér færnina til góðra samskipta við önnur börn.

Markmiðið er að barnið :

- læri að sýna öðrum virðingu í umgengni og samskiptum

- læri að sýna eigum annarra virðingu
- læri að bera virðingu fyrir skoðunum annarra
- læri að bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru
- læri að tjá sig um virðingu og segja skoðun sína

Vinátta

Vinátta er öllum nauðsynleg. Enginn er eins og það er mikill fjölbreytileiki í barnahópum. Til að eiga góða vini er nauðsynlegt að geta tjáð tilfinningar sínar, vera hjálpsamur og deila þekkingu sinni með því að aðstoða þá sem minna mega sín.

Markmiðið er að :

- barnið læri fjölbreytileika vináttunnar
- barnið læri að meta vináttu
- barnið skilji tilgang þess að eiga vini
- barnið njóti vináttunnar
- barnið læri að sýna tilfinningar sínar í vináttu
- barnið læri að vinir þurfi ekki að vera sammála
- barnið læri að vinir geti verið ólíkir
- barnið læri að forsendur vináttu sé traust og trúnaður

Sjálfsmynd / styrking sjálfsmyndar

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess þ.e. hvort barnið hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýni vilja og getur til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barnsins og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við barnið.

Markmiðið er að :

- leggja áherslu á umhyggju og persónulega umhirðu
- efla tilfinningalegt jafnvægi og jákvæð samskipti
- eiga góð félagsleg tengsl

Læsi

Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður þar sem börn fá meðal annars tækifæri til að kynnast tungumálinu og möguleikum þess, njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Einnig að öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu og að velta vöngum yfir eigin samfélagi, menningu og menningu annarra þjóða (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Lestur bóka

- Sögur og ævintýri lesin fyrir börnin

- Börn fá að kynnast íslenskum þjóðsögum
- Fjölbreytt bókaúrval fyrir börn
- Unnið með orðaforða, hugtakaskilning, tjáningu og sköpun
- Farið með börnin í sögustundir á bókasafn

Söngur, vísur og þulur.

- Börnin læri sönglög, vísur og þulur.
- Unnið með rím og merkingu orða
- Unnið með ritma, takt og hrynjanda.
- Sameiginleg söngstund með öllum börnum skólans einu sinni í viku.

Tölvutækni

- Tölvur/Ipad
- Að börn fá tækifæri til að vinna með skapandi námsefni sem tölvur eða ipad bjóða upp á.

Umhverfislæsi

- Að kynna börnum nærumhverfi sitt
- Vettvangsferðir í tengslum við þemu

Læsi á tilfinningar

- Börn þjálfist í að skynja og túlka tilfinningar sínar sem og annarra.
- Nemendur læri að vinna saman.
- Virði rétt og skoðanir annarra
- Unnið með Uppeldi til ábyrgðar/lífsleikni
- Unnið með Stig af stigi

Sjónrænar merkingar

- Myndræn skilaboð í daglegu starfi
- Hafa stafi og orð sýnileg í rými deilda

Leikur

- Leikur með stafi og orð
- Taka orð í sundur og setja saman
- Unnið með bókstafina og hljóð þeirra
- Orð eru útskýrð og önnur orð fundin sem hafa sömu merkingu
- Unnið með hugtök
- Hljóðgreining. Greina hljóð í orði, fyrsta hljóð og síðasta
- Börn hvött til að merkja myndverk sín, skrifa stafi, orð og setningar
- Börn þekki skriftaráttina
- Þjálfun í gegnum spil og læsishvetjandi leiki. Efla tjáningu barna og hvetja þau til að nýta sér málið í leik og starfi. Spyrja spurninga, segja skoðanir sínar og ræða um upplifun sína
- Ýmislegt annað s.s. stafaspil, kubbar og annað tilfallandi

Markviss málörvun.

Unnið er með námsefnið Markviss málörvun sem felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik. Markmið leikjanna er að auka málvitund barnanna og er leikurinn notaður til að ná athygli þeirra.

Leikirnir eru í sex aðalflokkum

1. Hlustunarleikir
2. Rímleikir
3. Setningar og orð
4. Samstöfur
5. Forhljóð
6. Hljóðgreining

Einnig er stuðst við ítarefni úr bókinni Ljáðu mér eyra.

Lubbi finnur málbeinið.

Í byrjun skólaárs er unnið með bókina Lubbi finnur málbeinið. Sérhvert máhljóð er kynnt í stuttri sögu og skemmtilegri vísu eftir Þórarinn Eldjárn með myndskreytingum eftir Freydísi Kristjánsdóttur.

Í bókinni er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstöfum. Hverju máhljóði fylgir ákveðin saga sem tengist hljóðinu. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða sem hvetja til umræðu. Einnig fylgja hverju hljóði tákni og vísur sem fjalla um hljóðið.

K-Pals Þör að læra saman.

Ætlað 4-5 ára börnum. K- Pals samanstendur af tvenns konar verkefnum, hljóðaleikjum-og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðvitundar. Markmið umskráningarverkefna er að styrkja umskráningu og orðaþekkingu. Byrjað er að vinna með K-Pals í nóvember og verkefnið eru unnin þrisvar til fjórum sinnum í viku 20-30 mín í senn.

Hljóm-2 skimun.

Greiningartækið Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem lögð er fyrir elstu börnin í leikskóla að hausti til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund þeirra. Skimunin er lögð fyrir í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir erfiðleika í lestrarnámi.

Í HLJÓM-2 eru sjö mismunandi verkefni/leikir. Verkefnið reyna á hljóðkerfisvitund og málmeðvitund barna og fleiri þætti málþroskans. Niðurstöðurnar geta hjálpað til að vinna með og örva málþroska barna í leikskóla og heima og undirbúa þau fyrir lestrarnám.

Hljóm -2 skimun er endurtekin í janúar hjá þeim börnum sem sýna slaka færni að hausti.

Stærðfræði

Lögð er áhersla á að nám fari fram í gegnum leik og upplifun barnsins. Unnið er með stærðfræðina í víðum skilningi og tengist hún í gegnum daglegt starf nemenda á deildum.

Tölur

- Tölurnar kynntar
- Draga til stafs – Punktalínur og brotalínur
- Rita tölustafi
- Leikir – t.d. veiðimann, slönguspil og þess háttar
- Teikningar á töflu

Talnaskilningur

- Tenging á milli tölustafs og magns – hvað liggur að baki
- Skilja hlutfall- tengja við leiki
- Nýta umhverfið til að ýta undir talnaskilning – telja glugga, leggja á borð

Form

- Kynna grunnform – þríhyrningur, ferningur og hringur – af hverju heita þessir hlutir þessum nöfnum
- Verkefnablöð
- Teikningar og leikir – púsl
- Tengja formin við daglegt líf – t.d. bolti er hringur og gluggi er ferningur.

Náttúrufræði

Leitast er við að börnin fái tækifæri til að vera úti í náttúrunni, kynnast nánasta umhverfi, nýta efnivið og þann fjölbreytileika sem í kringum okkur er. Stuðlað er að því að börnin kynnist hlutunum frá fyrstu hendi, fái reynslu og upplifun af náttúrunni og öðlist þannig færni til að bera virðingu fyrir henni og vilji vernda hana.

Heilbrigði og velferð

- Líkaminn – kynna heiti helstu líkamshluta
- Hreinlæti – kenna almennt hreinlæti og hvers vegna það sé mikilvægt
- Hollt og óhollt - kynna fyrir nemendum muninn á hollu og óhollu fæði sem og lífverni.

Árstíðir

- Kynna heiti árstíða
- Vinna árstíðarbundin verkefni
- Tengja við jörðina- vatn, ræktun
- Veðurfar – nýta veðurálfa á deildum- skoða veðurkort

Nærumhverfi

- Hvað er í mínu umhverfi – kynna umhverfið
- Heimilisfang – nemendur geti sagt hvar þeir eiga heima

Endurvinnsla

- Mikilvægi endurvinnslu – Nemendur læri hvað verður um pappír og það rusl sem við hendum

- Nýta blöð og annað sem væri annars hent til endurvinnslu – t.d. krukur, mjólkurfernur og þ.h.
- Passa náttúruna – hvað getum við gert til að passa upp á náttúruna

Lífriki

- Dýr – kynna helstu dýrategundir og það sem þeim tengjast
- Skordýr – skoða skordýr og lífsferla
- Rannsóknarleiðangrar – nýta stækkunargler og smásjá

Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar fyrir 5 ára deid.

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnpáttanna menntunar
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<ul style="list-style-type: none"> • Umferðafræðsla • Unnið með líkamann, hreinlæti, hollustu og heilbrigði, tannfræðsla auk fræðslu um svefn • Hreyfileikir • Næring – hvað er hollur og góður matur. • Uppbyggingarstefnan – unnið með styrkingu jákvæðrar sjálfsmyndar
JAFNRÉTTI:	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður • Unnið með hlutverk, skyldur og réttindi • Umsjónarmenn • Veðurfræðingur • Húsaverkefni – þemavinna þar sem unnið er með fjölbreytileika • Val nemenda
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<ul style="list-style-type: none"> • Húsaverkefni – þemavinna þar sem unnið er með fjölbreytileika • Lýðræðisleg vinnubrögð – umræður
LÆSI:	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur og hlustun • Talnalæsi • Húsaverkefni – þemavinna þar sem unnið er með fjölbreytileika • Orðaforði • Umhverfismennt, endurvinnsla og virðing fyrir náttúrunni • Tilfinningar, læsi í umhverfi og aðstæður
SJÁLFBÆRNI:	<ul style="list-style-type: none"> • Húsaverkefni – þemavinna þar sem unnið er með fjölbreytileika • Gróðursetning • Endurvinnsla • Flokkun
SKÖPUN:	<ul style="list-style-type: none"> • Listsköpun • Mynstur – málun • Leikir, söngvar, hlutverkaleikir • Gróðursetning • Húsaverkefni – þemavinna þar sem unnið er með fjölbreytileika